



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Þann 1. nóvember 2023 lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði:

Eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði hafa tekið breytingum út frá breytingum á reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða. Nú eru eignamörk kr. 7.158.000. Hver er ástæða þess að eignamörkin eru sett við þá upphæð? Er ástæðan einna helst að verið er að tengja við reglugerð eða eru aðrar ástæður sem liggja þar að baki?

Svar:

Eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði byggja á eignamörkum sem fram koma í reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin er sett á grundvelli 3. mgr. 37. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 en í 37. gr. laganna er m.a. kveðið á um tekju- og eignamörk. Í 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að samanlögð heildareign leigjenda íbúða samkvæmt reglugerðinni að frádregnum heildarskuldum við upphaf leigu, með vísan til 72.-75. gr. laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, skal ekki nema hærri fjárhæð en 7.158.000 kr.

Reglugerðin gildir um ráðstöfun leiguíbúða sem veitt var lán til fyrir 10. júní 2016 á grundvelli þágildandi 1. mgr. 37. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, og eingöngu eru ætlaðar tilgreindum hópi leigjenda sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Þann 10. júní 2016 tóku gildi lög um almennar íbúðir nr. 52/2016 og frá þeim tíma hafa lánveitingar vegna leiguíbúða Félagsbústaða einnig farið að þeim lögum. Í 10. gr. laganna er kveðið á um stofnframlög og tekju- og eignamörk en á grundvelli þeirrar greinar hefur verið sett reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfséignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 183/2020, með síðari breytingum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að samanlögð heildareign leigjenda almennra íbúða að frádregnum heildarskuldum við upphaf leigu, með vísan til 72.-75. gr. laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, skal ekki nema hærri fjárhæð en 8.307.000 kr. Stefnt var að því frá árinu 2015 að almennar íbúðir stæðu til boða stærri hópi á húsnæðismarkaði og eru því tekju- og eignamörk samkvæmt framangreindum lögum og reglugerð hærri en kveðið er á um í reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.



Reykjavíkurborg

Með vísan til jafnræðis ber að miða tekju- og eignamörk í félagslegu leiguhúsnæði við þau viðmið sem fram koma reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 svo sömu eignamörk eigi við um allt almennt félagslegt leiguhúsnæði óháð því hvaða lánafyrirkomulag gildir um húsnæðið.